

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

1. gr.

Í stað orðsins „Umhverfis- og auðlindaráðherra“ í 4. gr. kemur: Ráðherra.

2. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 4. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

3. gr.

Á eftir 13. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 13. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Tilkynningarskylda færanlegrar starfsemi.

Rekstraraðili færanlegrar starfsemi, þ.m.t. jarðboranir, færanlegar malbikunarstöðvar og steypustöðvar, sem er starfsleyfis- eða skráningarskyld samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, skal tilkynna eftirlitsaðila um fyrirhugað verk að jafnaði eigi síðar en fjórum vikum fyrir áætlað upphaf verks.

Í tilkynningu skal koma fram:

- a. Nafn, kennitala, heimilisfang og tölvupóstfang rekstraraðila.
- b. Nafn, símanúmer og tölvupóstfang tengiliðs verks.
- c. Heiti og/eða auðkenni tækis sem notað er við framkvæmdina.
- d. Tegund verks.
- e. Staðsetning verks (GPS hnit og lýsing) og eftir atvikum yfirlitsmynd.
- f. Upphaf verks og áætluð verklok.
- g. Áætlað magn olíuefna sem notuð verða við verkið.
- h. Listi yfir önnur efni sem notuð verða við verkið.
- i. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa.

Umhverfis- og orkustofnun skal staðfesta móttöku tilkynningar og leiðbeina rekstraraðila um þær reglur og almennu kröfur sem gilda um starfsemina

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 5. gr. og 14. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026